



# Skaftárhreppur

## Fundargerð

**423. fundur** í sveitarstjórn Skaftárhrepps, haldinn á Kirkjubæjarstofu, Kirkjubæjarklaustri kl. 13:00 fimmtudaginn 12. júlí 2018. Þetta er 8. fundur ársins.

Fundargerð er tölvuskráð af Söndru Brá Jóhannsdóttur, sveitarstjóra og er 7 blaðsíður  
Fundurinn er hljóðritaður og verður hljóðritun geymd í tölvukerfi sveitarfélagsins.

Eva Björk Harðardóttir, oddviti býður fundarmenn og áheyrendur velkomna.  
Mættir eru undirritaðir sveitarstjórnarmenn.

Oddviti óskar eftir viðbót við dagskrá, að við málefnnaskrá bætist;

### **II. Málefni til umfjöllunar/afgreiðslu**

**11. 1807016 Aðalskipulag Skaftárhrepps**

*Dagskrárbreyting samþykkt.*

### **Sveitarstjóri og oddviti greina frá gangi mála frá síðasta sveitarstjórnarfundi**

Vinna við ráðningar skólastjóra Kirkjubæjarskóla og Tónlistarskóla Skaftárhrepps hefur staðið yfir í samstarfi við formann fræðslunefndar. Sveitarstjóri hefur unnið að undirbúningi fyrir gerð útboðsgagna vegna ljósleiðara í Skaftártungu, viðbyggingar fyrir leikskóla, bilaplaní og inngangi við íþróttahús og lyftu við grunnskóla. Vinna við lagningu ljósleiðara í Fljótshverfi er enn í gangi og unnið er að öflun leyfa vegna lagningar á Austur-Síðu. Vinna Dattaca Labs er vel á veg komin við gerð vinnsluskráa fyrir sveitarfélagið í tengslum við innleiðingu nýrra persónuverndarlaga sem taka gildi 15. júlí nk. Sveitarstjóri mætti ásamt sveitarstjórnarmönnum á aukaaðalfund SASS í Vestmannaeyjum þar sem oddviti Skaftárhrepps var kjörin formaður SASS. Aukaaðalfundur Bergrisans bs. var haldinn á Selfossi 18. júní sl. og þar sem sveitarstjóri var kjörin aðalmaður í stjórn byggðasamlagsins. Skrifstofa sveitarfélagsins verður lokað frá 23. júlí nk. til og með 10. ágúst vegna sumarleyfa.

*Ólafia Jakobsdóttir forstöðumaður Kirkjubæjarstofu kynnir fyrir sveitarstjórn verkefnið Strandminjasafn á Hnausum.*

### **Dagskrá**

#### **I. Fundargerðir til samþykktar**

1. 1806012 Fundargerð aukaaðalfundar Bergrisans bs. dags. 18.06.2018

##### **6. Bygging sjö íbúða þjónustukjarna fyrir fatlaða.**

Formaður kynnti málið. Fyrir liggur samþykki Íbúðaláanasjóðs fyrir stofnframlögum vegna byggingar íbúðakjarna fyrir sjö einstaklinga. Gert er ráð fyrir að á haustfundí Bergrisans verði lögð fram tillaga um lántökur vegna fjármögnumar verkefnisins. Rætt var um rekstrarkostnað og mótfamlög Jöfnunarsjóðs. Stofnvirði er áætlað um 233 mkr, framlag ÍLS er um 38,3 mkr og unnt er að sækja um viðbótarframlag til fasteignasjóðs Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Proskahjálp á Suðurlandi hefur áður lýst yfir vilja til að leggja fjármagn til verkefnisins.

Tillaga stjórnar Bergrisans bs. frá 33. fundi þar sem lagt er til að ráðist verði í byggingu sjö íbúða þjónustukjarna á Selfossi, sem Íbúðaláanasjóður hefur samþykkt að veita stofnframlög fyrir, var borin undir atkvæði. Tillagan var samþykkt samhljóða og



# Skaftárhreppur

jafnframt að hún yrði lögð fyrir sveitarstjórnir allra sveitarfélaganna á þjónustusvæðinu.

*Sveitarstjórн Skaftárhrepps samþykkir fyrir sitt leyti að byggður verði sjö íbúða þjónustukjarni.*

## 8. Úrræði fyrir börn með fjölpættan vanda

María Kristjánsdóttir kynnti tillögu stjórnar frá 33. fundi þar sem lagt er til að keypt verði húsnæði fyrir nýtt úrræði fyrir tvö börn sem eiga við fjölpættan vanda að stríða. Rætt var um rekstrarkostnað, mótfamlög Jöfnunarsjóðs og stofnkostnað. Í dag kaupir Bergrisinn þjónustu fyrir eitt barn í Vinakoti í Hafnarfirði og kostar um það 87 mkr miðað við 12 mánuði. Tvö börn eru í brýnni þörf fyrir þjónustuna og tvö önnur koma líklega til með að þurfa á úrræðinu að halda seinna meir.

Lagt er upp með að keypt verði íbúðarhús á Selfossi fyrir um 50 mkr. Áætlað er að launakostnaður vegna starfsmanna sem annast þjónustuna verði 43,2 mkr, að með kostnaði við fæði, hreinlætisvörur og þess háttar verði rekstrarkostnaður um 50 mkr á ári. Jöfnunarsjóður mun greiða stóran hluta rekstrarkostnaðar. Tillagan var borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða og jafnframt að hún yrði lögð fyrir sveitarstjórnir allra sveitarfélaganna á þjónustusvæðinu.

*Sveitarstjórн Skaftárhrepps samþykkir fyrir sitt leyti að keypt verði húsnæði fyrir nýtt úrræði barna með fjölpættan vanda.*

*Aðrir liðir fundargerðar kynntir sveitarstjórн.*

## 2. 1807011 Fundargerð 157. Fundar fræðslunefndar, dags. 26.06.2018

### 2. Umsóknir um skólastjórastöðu í Kirkjubæjarskóla

Formaður greinir frá umsóknum um starf Skólastjóra Kirkjubæjarskóla en gefur Söndru Brá sveitarstjóra orðið. Alls bárust 6 umsóknir um starfið og var óskað tilboða frá tveim ráðningarskrifstofum til að fara yfir umsóknirnar. Fræðslunefnd samþykkir að fela Capacent umsjón með ráðningarfeli Skólastjóra Kirkjubæjarskóla.

*Sveitarstjórн staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.*

### 3. Umsóknir um stöðu skólastjóra við Tónlistarskóla Skaftárhrepps

Formaður greinir frá umsóknum um starf Tónlistarskóla Skaftárhrepps en gefur Söndru Brá sveitarstjóra orðið. Alls bárust 3 umsóknir um starfið. Fræðslunefnd fer yfir umsóknirnar og hefur verið tekið viðtal við einn umsækjanda. Fræðslunefnd samþykkir að ganga til samninga við Zbigniew Zuchowicz um starf Skólastjóra Tónlistarskóla Skaftárhrepps

*Sveitarstjórн staðfestir afgreiðslu nefndarinnar og felur sveitarstjóra að gera ráðningarsamning við Zbigniew Zuchowicz.*

*Aðrir liðir fundargerðar kynntir sveitarstjórн.*

## 3. 1807011 Fundargerð 158. Fundar fræðslunefndar, dags. 10.07.2018

*Katrín Gunnarsdóttir D-lista og Bjarki Guðnason D-lista lýsa yfir vanhæfi og vikja af fundi. Í þeirra stað eru mætt Jón Hrafni Karlsson 1. varamaður D-lista og Unnur Einarsdóttir Blandon 2. varamaður D-lista.*



# Skaftárhreppur

## 1. Umsóknir um skólastjórastöðu í Kirkjubæjarskóla á Síðu.

Formaður biður nefnarmenn að fara með upplýsingar af fundinum sem trúnaðarmál þar til sveitarstjórn hefur fjallað um fundargerð nefndarinnar.

Sandra fer yfir minnisblað um hvernig ráðninarferlið hefur farið fram og hefur ráðningarárferlið verið leitt af Capacent. Þrír einstaklingar voru boðaðir í viðtal samkvæmt hæfnismati Capacent. Sandra fer yfir viðtölin og útkomu úr þeim.

Niðurstaða úr heilstæðu mati er sú að einn umsækjandi, Katrín Gunnarsdóttir, þótti uppfylla best hæfniskröfur sem fram komu í auglýsingu um starf skólastjóra Kirkjubæjarskóla á Síðu.

Leggur fræðlunefnd því til við sveitastjórn Skaftárhrepps að Katrín Gunnarsdóttir verði ráðin skólastjóri Kirkjubæjarskóla á Síðu

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar og felur sveitarstjóra að gera ráðningarsamning við Katrín Gunnarsdóttir.*

*Aðrir liðir fundargerðar kynntir sveitarstjórn.*

*Bjarki Guðnason kemur aftur til fundarins. Eva Björk Harðardóttir oddviti lýsir yfir vanhæfi við afgreiðslu 1. liðar í fundargerð 138. fundar skipulagsnefndar og situr Unnur Einarsdóttir Blandon áfram fyrir hennar hönd.*

4. 1801006 Fundargerð 138. fundar skipulagsnefndar, dags. 10.07.2018

### 1. 1703008 Leiðrétt lóðarblað Kindagata (lnr. 226324) í Efri-Vík.

Hnitsetning lóðablaðs var röng og er hér því lagt lagfærð hnitaskrá, lóðamörk á uppdrætti eru þá óbreytt og stærðn einnig sem er 6,4 ha.

*Samþykkt í skipulagsnefnd. Byggingarfulltrúa falið að ljúka málín.*

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.*

*Unnur Einarsdóttir Blandon víkur af fundi og Eva Björk Harðardóttir kemur aftur til fundarins og tekur við stjórn hans.*

### 2. 1807002 Umsókn um stofnun tveggja nýrra lóða í landi Hátúna.

Jens Helgason sendir inn beiðni um stofnun tveggja nýrra lóða í landi Hátúna, Hólar og Siggulundur.

*Samþykkt í skipulagsnefnd. Byggingarfulltrúa falið að ljúka málín.*

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.*

### 4. 1807004 Breyting á deiliskipulagi Hrifunes

Sótt er um óverulega breytingu á deiliskipulagi Hrifunes þ.s. færa á byggingarreit fyrir Stórutorfu 9 í suðvesturhorn lóðarinnar. Núv. byggingarreitur er staðsettur í hvilft þar sem hætta er á snjósöfnun og bleytu.

*Skipulagsnefnd samþykkir tillöguna og felur skipulagsfulltrúa að kynna tillöguna skv. 2. m.gr.43 gr. skipulagslaga nr. 123/2010.*

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar*

*Jón Hrafn Karlsson lýsir yfir vanhæfi við afgreiðslu næstu tveggja lóða og Unnur Einarsdóttir Blandon 2. varamaður D-lista kemur í hans stað.*



# Skaftárhreppur

## 5. 1807006 Umsókn um stöðuleyfi á Syðri-Steinsmýri

Umsókn Eldhrauns ehf. um stöðuleyfi fyrir geymslugám og þvottahúsgám á meðan á framvæmdum stendur á Syðri- Steinsmýri lóð. Þvottahúsgámurinn verður tengdur rafmagni, vatns- og fráveitu íbúðarhúss.

*Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemd við veitingu leyfisins og felur byggingarfulltrúa að ljúka málinu.*

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar*

## 6. 1807007 Umsókn um stöðuleyfi á Hnausar lóð

Eldhraun ehf. sækir um stöðuleyfi fyrir íbúðargám. Íbúðargámur er 2x20 ft og í honum verður aðstaða fyrir starfsmenn, tengdur vatns-, raf- og fráveitu veiðihúss.

*Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemd við veitingu leyfisins og felur byggingarfulltrúa að ljúka málinu.*

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.*

*Jón Hrafn Karlsson kemur aftur til fundarins og Unnur Blandon Einarsdóttir víkur af fundi.*

## 7. 1804001 Laufskálavarða – umsókn um framkvæmdarleyfi.

Sannir Landvættir ehf. sækir um framkvæmdarleyfi fyrir að setja upp rotþró og bora fyrir vatni við Laufskálavörðu.

*Skipulagsnefnd telur ekki forsendur til að gefa út framkvæmdaleyfi þar sem skipulag liggr ekki fyrir skv. 7. gr. reglugerðar um framkvæmdaleyfi nr. 772/2012*

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.*

## 8. 1612015 Embætti skipulags- og byggingarfulltrúa

Samstarf við Rangárþing eystra og Mýrdalshrepp í skipulags- og byggingarmálum hefur verið til umræðu undanfarin ár. Fyrrgreind sveitarfélög hafa tilnefnt aðila fyrir sína hönd til að ræða stofnun byggðasammlags á svæði sem náð getur yfir jarðvangssveitarfélögin þrjú.

*Skipulagsnefnd leggur til að sveitarstjóri og formaður skipulagsnefndar ræði við fulltrúa Mýrdalshrepps og Rangárþings eystra um mótn samstarfs á sviði skipulags- og byggingarmála.*

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.*

## 9. 1800715 Hemra lóðir

Hemruhlíð ehf. sendir inn beiðni um að sameina allar lóðir sínar í eina og stofna svo tvær nýjar lóðir. Með þessu er einnig verið að leiðréttta skráningu í fasteignaskrá.

*Samþykkt í skipulagsnefnd með fyrirvara um samþykki aðliggjandi jarða. Byggingarfulltrúa falið að ljúka málinu.*

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.*

## 10. 1704007 Deiliskipulag Eystri-Ásar.

Lagt er fram tillaga að deiliskipulagi sem nær til 10.000 m<sup>2</sup> landspildu úr landi Eystri-Ása. Deiliskipulagið tekur til byggingarreits fyrir gestahús.



# Skaftárhreppur

*Skipulagsnefnd samþykkir tillöguna og felur skipulagsfulltrúa að vinna málið áfram í samræmi við 41. gr. skipulagsla nr. 123/2010  
Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.*

## 11. Umsókn um stöðuleyfi í Kálfalág

Gísli Kjartansson f.h. Kleifarnef ehf. kt. 410703-3780 sækir um stöðuleyfi fyrir íbúðagáma á lóðinni Kálfalág landnr. 226772 samkvæmt meðfylgjandi uppdrætti

*Skipulagsnefnd hafnar því að gefið verði út stöðuleyfi vegna stærðar og notkunar íbúðargámannna og felur byggingarfulltrúa að vinna málið áfram.*

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.*

*Aðrir liðir fundargerðar kynntir sveitarstjórn.*

## II. Málefni til umfjöllunar/afgreiðslu

### 1. 1807008 Daggjöld á afrétti og smölun haustið 2018

*Sveitarstjórn samþykkir að daggjöld á afrétti verði óbreytt frá síðasta ári, framreiknuð samkvæmt visitölu neysluverðs í júní 2018.*

*Daggjöld 2017 voru 14.048 kr. m.v. við visitölu í júní 2017 sem var 443,0 stig. Visitala í júní 2018 er 454,6 stig og verða daggjöld árið 2018 því kr. 14.415.*

*Sveitarstjórn samþykkir jafnframt að miða skuli við daggjöld þegar greiða þarf smölum vegna smölunar heimalanda sem unnin er á kostnað landeiganda.*

### 2. 1806011 Kosning fulltrúa í nefndir, ráð og stjórnir

#### Fjallskilanefndir

*Tilnefnt var í fjallskilanefndir í Skaftárhreppi á 1. fundi nýrrar sveitarstjórnar, formenn nefndanna verða eftirfarandi;*

*Páll Eggertsson formaður fjallskilanefndar Álfaversafréttar*

*Guðmundur Ingi Arnarsson formaður fjallskilanefndar Skaftártunguafréttar*

*Rúnar Þ. Guðnason formaður fjallskilanefndar Austur-Síðuafréttar*

*Fanney Ó. Lárusdóttir formaður fjallskilanefndar Landbrots- og Miðafréttar.*

*Sigurður V. Gústafsson biðst undan nefndarsetu í fjallskilanefnd Austur-Síðuafréttar.*

*Rannveig Ólafsdóttir er kosin í nefndina í hans stað.*

#### Kjörstjórn

*Kjartan Magnússon óskar ekki eftir áframhaldandi setu varamanns í kjörstjórn ásamt því að Kjartan Kjartansson er að flytja af svæðinu. Varamenn í kjörstjórn í þeirra stað verða Ragnheiður Hlin Simonardóttir og Jón Atli Jónsson.*

#### Ungmennaráð

*Íþrótt- og tómstundanefnd falið að vinna tilnefningu í ungmennaráð í samstarfi við grunnskólann ásamt því að koma með tillögu að erindisbréfi.*

### 3. 1805008 Persónuverndarstefna og persónuverndarfulltrúi

*Fyrir fundinum liggja drög að persónuverndarstefnu fyrir Skaftárhrepp ásamt tilboði frá Dattaca Labs um hlutverk persónuverndarfulltrúa fyrir sveitarfélagið. Sveitarstjóra falið að vinna persónuverndarstefnuna áfram í samræmi við umræður fundarins og leggja til*



# Skaftárhreppur

samþykkir sveitarstjórnar fyrir næsta fund. Sveitarstjórn Skaftárhrepps samþykkir að ráða Dattaca Labs sem persónuverndarfulltrúa fyrir Skaftárhrepp og felur sveitarstjóra að tilkynna um það til Persónuverndar fyrir tilskilinn frest.

## 4. 1804007 Lagfæring styrkvega sumarið 2018

Skaftárhreppur hefur fengið til úthlutunar 1.800.000 kr úr styrkvegasjóði til styrkvega. Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að auglýsa eftir aðilum til að sjá um lagfæringar á eftirsarandi vegslóðum; að Sveinstindsskála, í kringum Miklafell og að Skaftárósvita

## 5. 1807009 Ráðning sveitarstjóra

Sveitarstjórn Skaftárhrepps samþykkir að ráða Söndru Brá Jóhannsdóttir áfram sem sveitarstjóra Skaftárhrepps og staðfesta aðilar það með undirritun sinni á ráðningarsamning sem tekur yfir kjörtímabilið 2018-2022.

## 6. 1807010 Kerfisáætlun Landsnets – umsögn

Sveitarstjórn Skaftárhrepps tekur undir umsögn Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga dags. 10. júlí 2018 um tillögu Landsnets að kerfisáætlun um uppbyggingu flutningskerfis raforku á Íslandi 2018-2027.

## 7. 1801006 Skipulagsnefnd erindisbréf

Sveitarstjóri leggur fram tillögu að erindisbréfi skipulagsnefndar. Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að senda skipulagsnefnd erindisbréfið til umsagnar.

## 8. 1807012 Fjallskilasamþykkt fyrir Vestur-Skaftafellssýslu – fyrri umræða

Sveitarstjórn felur sveitarstjóra í samstarfi við nefnd um endurskoðun fjallskilasamþykktar Vestur-Skaftafellssýslu að bjóða uppá opin kynningarfund um Fjallskilasamþykktina í ágústmánuði.

## 9. 1807013 Beiðni til sveitarstjórnar um að taka yfir hlutverk verkefnastjóra Friðar og frumkrafa. Friður og frumkraftar, hagsmunafélag atvinnulífs í Skaftárhrepp, dags. 05.07.2018.

Sveitarstjórn þakkar erindið og vísar því til umræðu vegna fjárhagsáethunar 2019-2022

## 10. 1807014 Beiðni um umsögn vegna umsóknar um rekstrarleyfi til sölu gistingar í flokki II vegna Grund Cottage. Sýslumaðurinn á Suðurlandi, dags. 22.06.2018

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við veitingu leyfisins fyrir sitt leyti.

## 11. 1807016 Aðalskipulag Skaftárhrepps

Sveitarstjórn Skaftárhrepps samþykkir að hafin verði vinna við endurskoðun aðalskipulags Skaftárhrepps. Sveitarstjóra falið að tilkynna Skipulagsstofnun niðurstöðuna.

## III. Fundargerðir til kynningar

1. Fundargerð 34. fundar Bergrisans bs., dags. 18.06.2018. *Fundargerð kynnt*
2. Fundargerð 188. Fundar Heilbrigðisnefndar Suðurlands, dags. 29.06.2018. *Fundargerð kynnt*
3. Fundargerð aðalfundar Friðar og frumkrafa, dags. 29.04.2018. *Fundargerð kynnt*
4. Fundargerð 100. fundar Héraðsnefndar Vestur-Skaftafellssýslu, dags. 05.06.2018. *Fundargerð kynnt*
5. 1807012 Fundargerð fjallskilanefndar Landbrots- og Miðafréttar, dags. 22.06.2018. *Fundargerð kynnt*



# Skaftárhreppur

6. Fundargerð 861. fundar stjórnar sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 29.06.2018.  
*Fundargerð kynnt*

## IV. Annað kynningarefni

1. Niðurstöður sýnatöku í grunnvatni í nágrenni urðunarstaðar Hulu á Skógasandi. Mannvit, dags. 22.06.2018. *Kynnt.*
2. Minnisblað vegna breytinga á lögum um félagsþjónustu. Tölvupóstur frá sambandi íslenskra sveitarfélaga, dags. 18.06.2018. *Kynnt.*
3. Kynning frá Motus – lykiltölur og innheimtuferli, dags. 05.06.2018. *Kynnt.*

Fundargerð lesin upp og samþykkt

Næsti fundur sveitarstjórnar áætlaður fimmtudaginn 30. ágúst 2018

Fundi slitið kl. 15:30

  
Eva Björk Harðardóttir

Katrín Gunnarsdóttir

  
Bjarki Guðnason

  
Jon Hrafn Karlsson

  
Heiða Guðny Ásgeirs Þórssdóttir

  
Arndís Harðardóttir

  
Unnur Blandon Einarsdóttir Blandon